

Hverfisráð Breiðholts

Árið 2015, þriðjudaginn 20. október, var haldinn 117. fundur Hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty formaður, Aðalheiður Frantzdóttir, Hreiðar Eiríksson, Egill Þór Jónsson og Sigþór K. Ágústsson. Einnig yoru mættir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Rætt um erindi frá íbúasamtökunum Betra Breiðholti, tölvupóstur dags. 15. september 2015, varðandi styrkveitingu hverfisráðs til Íbúasamtakanna. Skýring hefur verið gefin á fundi tveggja fulltrúa í hverfisráði með stjórn Íbúasamtakanna. Samþykkt að formaður svari erindinu skriflega fyrir hönd hverfisráðs.
2. Erindi frá stjórnkerfis- og lýðræðisnefnd dags. 11. júní 2015 um framtíðarhlutverk hverfisráða Reykjavíkurborgar tekið fyrir. Skilafrestur á hugmyndum og tillögum er til miðvikudagsins 28. október nk. Samþykkt að hver og einn fulltrúi í hverfisráði komi sínum hugmyndum á framfæri.
3. Samstarf við ungmennaráð Breiðholts rætt og hvernig mögulegt er að auka það. Samþykkt að leita eftir fundi með ungmennaráði þar sem skoðað verði hvernig mögulegt er að efla samstarf og samskipti ráðanna.
4. Rætt um dagsetningu fyrir starfsdag hverfisráðs. Lagt til að starfsdagurinn verði haldinn þriðjudaginn 3. nóvember kl. 9:00 til 15:00. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

Nichole Leigh Mosty

Egill Þór Jónsson
Aðalheiður Frantzdóttir

Unnur Ágústsdóttir
Hreiðar Eiríksson